

Stöðulfell



Heildarvegalegd: 1,6 km

Byrjað í 95 m hæð, 90 m hækkun

Skemmtileg ganga en aðeins bratt upp Bröttubrekku (1 klst).

Beygt er við Sandlækjarholt af vegi 30 og inn Þjórsárdalsveg 32. Þegar keyrt er heim afleggjarann að Stöðulfelli er merkt bílastæði til hægri efst á afleggjaranum. Þaðan er gengið yfir tún og upp í gegnum skógarlund. Leiðin er stikuð upp á Stöðulfellið og áfram að póstkassanum. Rétt austan við póstkassann má sjá opna jarðskjálftasprungu. Frá Stöðulfelli er fallett útsýni yfir Þjórsá.

Þrándur mjögsiglandi Bjarnason var bróðir Eyvindar Austmanns. Hann var í Hafursfirði mót Haraldi konungi. Þrándur var landflóttá og kom til Íslands á seinni hluta landnámstíðar. Þrándur nam land milli Þjórsár og Laxár, upp til Kálfár og til Sandlækjar. Þrándur bjó í Þrándarholti. Leiði þrándar er vestan í Þrándi næsta fjalli við Stöðulfell. Ekkja þrándar er grafin í túnjaðrinum, þar sem gengið er inn í skógarlundinn fyrir ofan bæinn.

